

## Vetrarferð í Bláfjöll

Í næstu viku er fyrirhuguð dagsferð nemenda Sjálandsskóla í Bláfjöll. Nemendum verður skipt í tvo hópa. Stefnt er á að 5.-7. bekkur fari miðvikudaginn 2. mars en 1.-4. bekkur þriðjudaginn 1. mars. Allir nemendur í 1.-7. bekk fara í vetrarferðina. Nemendum í unglingadeild sem ekki fara í skíðaferðina með Klakanum er velkomið að fara með eldri nemendahópnum á miðvikudeginum. Hefðbundin kennsla verður í unglingadeild þann dag hjá öðrum nemendum. Markmið ferðarinnar er að kynna nemendum vetraríþróttir og verður þeim börnum sem þess óska veitt tilsögn á skíðum (ekki verður kennsla á bretti). Ofangreindar dagsætningar eru settar fram með fyrirvara um hagstæða veðurspá og að opið verði í Bláfjöllum. **Staðfesting og greiðsla á búnaði, lyftukortum og fargjaldi fyrir foreldra þarf að berast skólanum í síðasta lagi mánudaginn 29. febrúar**



### Ferðatilhögun:

**8.15. Mæting í skólann með allan útbúnað (skíði, bretti, sleða)**

**8:30 morgunsöngur**

**09:00 brottför frá Sjálandsskóla**

14.15 Brottför úr Bláfjöllum.

14.40 Komið að Sjálandsskóla (áætlun).

### Útbúnaður:

- Skíði, bretti eða sleði. Hægt er að leigja skíði og tilheyrandi.
- Allir iðkendur verða að hafa hjálma** (einnig þeir sem eru á sleðum). Hægt er að nota reiðhjólalhjalma.
- Best er að koma með hjálma að heiman, ekki hægt að tryggja hjálma á staðnum.
- Hollt og gott nesti verður hver og einn að koma með fyrir sig** (ekki sælgæti og gos). Þeir sem eru í mataráskrift fá samlokur og drykk í hádegisverð.
- Ekki er leyfilegt að hafa með sér pening til þess að kaupa veitingar á staðnum.**
- Mikilvægt er að muna eftir hlýjum útivistarfatnaði, húfum, ullarsokkum og vettlingum.

### Kostnaður:

- Lyftukort 750 kr.
- Lyftukort 1.750 kr. fyrir nemendur sem ætla að vera lengur í fjallinu. Þeir skila sjálfir korti og fá endurgreitt 1.000 kr. þegar korti er skilað.
- Ef kort skilar sér ekki, þá eru 1.000 sektargjald sem foreldrar verða krafðir um.
- Skíðabúnaður 2.200 kr.
- Skíði og tilheyrandi eða bretti og tilheyrandi. Einnig stakir hlutir.

**Ganga þarf frá greiðslu vegna lyftukorts og leigu á skíðabúnaði mánudaginn 29.febrúar.**

**Foreldrar sem hafa tök á að koma með eru velkomnir. Kostnaður vegna rútufargjalds fyrir foreldra er 1.000 kr. og þarf að skrá það á pöntunarblaðið.**

**Nemendur sem ætla að vera eftir með forráðamönnum eru beðnir um að láta vita um slíkt fyrir brottför til að tryggja öryggi og auðvelda skipulagið.**

Ef veður hamlar ferð verður tilkynning um slíkt sett á heimasíðu skólans eigi síðar en klukkan 8:00 að morgni brottfarardags. **Þá eiga allir að mæta í skólann samkvæmt stundaskrá.**

## Pöntunarblað

**Berist í skóla ásamt greiðslu í síðasta lagi**

**29. febrúar 2016**

**Nafn barns:** \_\_\_\_\_

**Bekkur:** \_\_\_\_\_

**Óskar eftir að fá**

- Bretti og skór (2.200)**
- Skíði og skór (2.200)**
- Lyftukort (750)**
  - Ef kort skilar sér ekki þá eru 1.000 kr. Sektargjald**
- Lyftukort (1.750) ef nemendur ætla að verða eftir í fjallinu**
- Rútgjald fyrir foreldri/foreldra (1.000 á mann)**

**Hæð:** \_\_\_\_\_

**Skóstærð:** \_\_\_\_\_

---

Undirskrift forráðamanns